



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 34/2013

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Hótel Selfoss ehf.,
rekstraraðila veitingahússins Riverside Resturant,
að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

I.

Málsmeðferð

Hinn 8. júlí 2013, kom starfsmaður Neytendastofu í veitingahúsið Riverside Resturant á Selfossi, í þeim tilgangi að kanna ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu. Samkvæmt reglunum ber veitingarhúsum ávallt að hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr og skal í upplýsingum um drykkjarföng tilgreina magn.

Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að hvorki var til staðar matseðill með verðskrá við inngang Riverside Resturant né voru upplýsingar um magn drykkjafanga á verðlista. Ástand verðmerkinga var því ekki í samræmi við ákvæði framangreindrar lagagreinar og reglna.

Starfsmaður veitingarhússins kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þær athugasemdir sem gerðar voru við verðmerkingarnar. Ekki voru gerðar athugasemdir af hálfu starfsmanns við niðurstöður skoðunarinnar. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá starfsmanni þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Hótel Selfoss ehf., rekstraraðila Riverside Resturant, dags. 16. ágúst 2013, var greint frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerð grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim fyrirmælum beint til fyrirtækisins að fylgja tilgreindri reglu um að hafa uppi matseðil með verðskrá við inngang veitingahússins auk þess að veita aðrar upplýsingar sem lög og reglur kveða á um.



Í bréfi Neytendastofu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti fyrirtækið búast við því að tekin verði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, væri ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.

Hinn 4. september 2013, var framkvæmd önnur skoðun hjá Riverside Resturant. Leiddi sú skoðun í ljós að matseðill var við inngang veitingahússins enn vantaði magnupplýsingar á verðskrá drykkja. Starfsmaður veitingahússins kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þær athugasemdir sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Gerði starfsmaður veitingahússins engar athugasemdir við niðurstöðu könnunarinnar.

Með bréfi Neytendastofu til Hótel Selfoss ehf., dags. 18. september 2013, var fyrirtækinu gefinn tíu daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Neytendastofu barst tölvubréf frá fyrirtækinu dags. 19. september 2013, þar sem fram kom að brugðist hafi verið við athugasemdunum og úrbætur gerðar.

II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur Hótel Selfoss ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í viðunandi horf og innan tilskilins frests eftir skoðun Neytendastofu þann 8. júlí 2013.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.



Um verðmerkingar veitingahúsa segir í 5. mgr. 4. gr. reglnanna:

„Veitingahús skulu ávallt hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr. Í verðupplýsingum um drykkjarföng skal jafnframt tilgreina magnstærðir.“

Samkvæmt ákvæðinu ber Riverside Resturant ávallt að tilgreina magnstærðir drykkjarfanga í verðupplýsingum.

Með því að tilgreina ekki magnstærðir drykkjarfanga hefur Hótel Selfoss ehf. brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæði 5. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011. Þá hafði fyrirtækið ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu innan tilskilins frests eftir fyrri skoðun dags. 8. júlí um að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf og því þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Hótel Selfoss ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Hótel Selfoss ehf., Eyrarvegi 2, 800 Selfossi, rekstraraðili Riverside Restaurant, Eyrarvegi 2, Selfossi, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 5. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, með því að tilgreina ekki magnstærð drykkjarfanga með verðupplýsingum.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Hótel Selfoss ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 3. desember 2013

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Sigurjón Heiðarsson